

Raunvísindastofnun Háskólans
DUNHAGA 3. REYKJAVÍK.

RH-78-22

JARÐSKJÁLFTAR Á ÍSLANDI
1940–1949

eftir
EYSTEIN TRYGGVASON
NORRÆNU ELDFJALLASTÖÐINNI
REYKJAVÍK

Reykjavík 1978

EFNISYFIRLIT

	Bls.
Formáli	1
Jarðskjálftar á Íslandi árið 1940	2
Jarðskjálftar á Íslandi árið 1941	8
Jarðskjálftar á Íslandi árið 1942	13
Jarðskjálftar á Íslandi árið 1943	19
Jarðskjálftar á Íslandi árið 1944	21
Jarðskjálftar á Íslandi árið 1945	28
Jarðskjálftar á Íslandi árið 1946	31
Jarðskjálftar á Íslandi árið 1947	33
Jarðskjálftar á Íslandi árið 1948	42
Jarðskjálftar á Íslandi árið 1949	48

FORMÁLI

Sú upptalning á jarðskjálftum áráanna 1940-1949, sem hér er birt er að mestu byggð á gögnum, sem safnað var á árunum 1952-1960 þegar höfundur var starfsmaður Veðurstofu Íslands. Þess er vænst, að hér sé tínt til næstum allt, sem birtist í samtímaheimildum um jarðskjálfta á Íslandi, svo og allar þær upplýsingar, sem bárust Veðurstofunni frá veðurathugunarmönnum og öðrum. Sérstaklega ber að nefna Jón Engilbertsson í Grindavík, sem um fjölda ára sendi Veðurstofunni greinargóðar upplýsingar um allar jarðhræringar, sem hann hafði spurnir af að fundist hefðu í Grindavík.

Engar breytingar urðu á rekstri jarðskjálftamæla á Íslandi á árunum 1940-1949. Jarðskjálftamælar voru einungis í Reykjavík, gamlir mælar, mjög ónæmir og alls ekki hentugir til mælinga á nálægum skjálftum. Þó er mikið stuðst við gögn frá þessum mælum og nær allar upplýsingar um stærð skjálfta eru teknar beint af blöðum jarðskjálftamælanna (E. Tryggvason 1958).

Tími jarðskjálfta er yfirleitt tekinn beint úr heimildum, enda þótt vitað sé að hann sé ekki nákvæmur. Tími sá, sem lesinn er af blöðum jarðskjálftamælanna er ávallt "Greenwich mean time", GMT, sem er einni klukkustund á undan íslenskum miðtíma. Því er oft einnar klukkustundar munur á uppgefnum tíma, eftir því hvort um er að ræða upplýsingar frá mönnum, sem fundu skjálftann, eða frá jarðskjálftamælum. Einnig er vert að geta þess að stundum á umræddu tímabili var klukkunni flýtt um eina klukkustund yfir sumarmánuðina að tilhlutun stjórnvalda, og var þá svonefndur "sumartími", sem er jafn "Greenwich mean time". Stundum er þess getið í þessari samantekt heimilda, að um sumartíma sé að ræða, en í önnur skipti er þess ekki getið.

Reykjavík 14. desember 1978

Eysteinn Tryggvason

JARÐSKJÁLFTAR Á ÍSLANDI ÁRIÐ 1940

40 - 1. 2. janúar 1940. Á Húsavík fundust tveir jarðskjálftakippir, kl. 22:20, IV stig, og kl. 22:32, II stig. Fyrri kippurinn virtist koma úr suðaustri. Hann var svo snarpur að myndir, sem stóðu á borðum, ultu sums staðar um koll og léttir hlutir, sem héngu á veggjum, duttu niður (B.V. 1940, V.s. 1940). Jarðskjálftar þessir sáust ekki á blöðum jarðskjálftamælanna í Reykjavík.

40 - 2. 9. janúar 1940. Á Húsavík fannst jarðskjálfti, III stig, kl. 6 um morguninn (V. 1940, V.s. 1940). Mældist ekki í Reykjavík.

40 - 3. 9. janúar 1940. Á Kvískerjum í Örafum varð vart við jarðskjálftatitring kl. 8:30. Aðeins varð þessa vart inni í húsum, og ekki af öllum er inni voru, en myndir á veggjum og lausir, léttir hlutir hristust dálítið (B.v. 1940). Jarðskjálftans varð ekki vart á mælum í Reykjavík.

40 - 4. 12. janúar 1940. Talsverðir jarðskjálftar fundust austan til á Norðurlandi. Mestir voru þeir í Suður-Þingeyjarsýslu, einkum á Húsavík, en fundust einnig víða í Eyjafjarðarsýslu og á stöku stað í Skagafjarðarsýslu og í Norður-Þingeyjarsýslu. Á Skriðulandi í Kolbeinsdal fannst mjög væg jarðhræring kl. 6:04 og önnur nokkru meiri kl. 8:39 (V.s. 1940). Á Akureyri er getið um jarðskjálfta kl. 6:05, 6:10, og 8:43 (V. 1940). Önnur heimild getur aðeins um einn jarðskjálfta kl. 8:40, III stig er varaði 4-5 sek. (B.V. 1940). Fólk sem var á götum úti á Akureyri varð jarðskjálftanna lítið eða ekkert vart, en hús hristust talsvert (Mb. 13. jan. 1940, Ví. 12. jan. 1940, Ís. 12. jan. 1940). Á Dalvík fundust hræringarnar ekki (Mb. 13. jan. 1940). Í Bárðardal, Köldukinn og austan Eyjafjarðar varð jarðskjálftanna vart, en ekki í Mývatns-sveit (Mb. 13. jan. 1940). Á Grenjaðarstað fundust 3

jarðskjálftakippir, kl. 6:10, 6:17 og 8:40 (V. 1940). Á Húsavík fundust flestir kippir, enda voru jarðskjálftarnir snarpastir þar. Fyrsti kippurinn fannst þar kl. 4:30, IV stig; síðan kl. 6:03, V stig; kl. 6:12, III stig, kl. 6:15, III stig; kl. 8:40, VI stig og kl. 9:35 III stig (B.V. 1940). Einnig fundust þar jarðskjálftakippir kl. 16:00, III stig og kl. 16:05, II stig (V. 1940). Í mesta skjálftanum hristust hús svo að munir dattu úr hillum og myndir dingluðu á veggjum (Mb. 13. jan. 1940). Allir virtust þessir jarðskjálftar koma úr suðaustri (V.s. 1940). Á Raufarhöfn varð vart við mjög vægan jarðskjálfta kl. 8:18 (V.s.b. 1940). Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu tvær hræringar, en þó óglögg (S.B. 1940):

- a (S) 07:12:49 (GMT) (stærð 4)
- b (P) 09:40:40 (GMT) (stærð 4 3/4)

Fjarlægð upptakanna verður ekki ákvörðuð, en vafalaust hafa þau verið í næsta nágrenni Húsavíkur.

40 - 5. 13. janúar 1940. Á Húsavík fannst jarðskjálfti, III stig, kl. 15:55 (V.s. 1940). Sást ekki á mælum í Reykjavík.

40 - 6. 31. janúar 1940. Á Húsavík fannst jarðskjálfti IV stig, kl. 4:10 (V.s. 1940). Sást ekki á jarðskjálftamælum.

40 - 7. 2. febrúar 1940. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu einn skjálfta (S.B. 1940):

- (P) 06:23:30 (GMT) (stærð 4 $\frac{1}{2}$)
- S 23:47

Upptök jarðskjálftans virðast helst hafa verið í um 150 km fjarlægð, en geta þó hafa verið fjarlægari. Jarðskjálfti þessi sást á mælum á nokkrum stöðum erlendis, en svo óljóst, að upptökin verða ekki ákvörðuð, þó líkur bendi til að þau hafi verið í vestur eða suðvestur frá Reykjavík. Mælingar jarðskjálftans í Hollandi (DeBilt)

benda til að stærðin hafi verið um 5, en það bendir á nokkru fjarlægari upptök frá Reykjavík en að ofan getur.

40 - 8. 3. febrúar 1940. Á Reykjanesi fannst jarðhræring, II stig, kl. 6:17 (V.s. 1940). Önnur heimild gefur tímann 6:07 (V.s.b. 1940). Sást ekki á blöðum jarðskjálftamælanna í Reykjavík.

40 - 9. 15. marz 1940. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu einn lítinn jarðskjálfta (S.B. 1940):

P 08:27:47 (GMT) (stærð 3)
S 27:51

Upptök jarðskjálftans munu hafa verið um 30 km suður frá Reykjavík (V. 1940).

40 - 10. 19. marz 1940. Á Reykjanesi fundust tveir jarðskjálftkippir, kl. 21:55, IV stig og kl. 22:08, III stig (V.s.b. 1940). Sáust ekki á jarðskjálftamælum í Reykjavík.

40 - 11. 23. apríl 1940. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu tvo litla jarðskjálfta (S.B. 1940):

a P 02:41:34 (GMT) (stærð 3)
S 41:37
b P 03:27:28 (GMT) (stærð $3 \frac{1}{2}$)
S 27:31

Upptök jarðskjálftanna munu hafa verið í um 25 km fjarlægð frá Reykjavík.

40 - 12. 25. maí 1940. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu eina smáhræringu með upptök í um 25 km fjarlægð (S.B. 1940):

P 16:21:29 (GMT) (stærð 3)
S 21:32

40 - 13. 27. maí 1940. Á Reykjanesi fannst vægur jarðskjálfti kl. 5:54 (sumartími) (V.s.b. 1940). Önnur heimild gefur tímann 16:54 (V. 1940). Sást ekki á jarðskjálftamelum í Reykjavík.

40 - 14. 30. maí 1940. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu fjórar smáhræringar með upptök í um 20 km fjarlægð kl. 07:04, 07:10, 08:04 og 10:55 GMT (S.B. 1940).

40 - 15. 3. júní 1940. Á Reykjanesi fannst jarðskjálfti III stig, kl. 16:02 (V.s.b. 1940). Sást ekki á jarðskjálftamelum í Reykjavík.

40 - 16. 4. júní 1940. Á Reykjanesi fundust svo margir jarðskjálftakippir frá kl. 00:50 til kl. 3:15, að ekki varð tölu á komið. Styrkleiki kippanna var II til VII stig. Smærri kippir, II - IV stig, eftir það til kl. 6. Síðan fundust eftirtaldir jarðskjálftakippir: kl. 10:50 VI stig; kl. 11:09, þrír kippir í röð, IV stig; kl. 11:15, IV stig; kl. 11:28, II stig; kl. 11:33, tveir kippir, II stig; kl. 12:31, IV stig; kl. 12:35, III stig; kl. 13:35 tveir kippir, III stig. Jarðskjálftarnir virtust koma úr austri (V.s.b. 1940). Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu alls 21 jarðskjálfta í þessari hrinu (S.B. 1940). Hér er aðeins getið þeirra sem voru að stærð $3 \frac{1}{2}$ eða stærri:

a	P	03:48:49	(GMT)	(stærð $3 \frac{3}{4}$)
b	P	03:49:59	(GMT)	(stærð 4)
c	P	03:52:36	(GMT)	(stærð $3 \frac{1}{2}$)
d	P	03:54:34	(GMT)	(stærð $3 \frac{1}{2}$)
e	P	04:06:37	(GMT)	(stærð $3 \frac{3}{4}$)
f	P	04:11:26	(GMT)	(stærð $3 \frac{3}{4}$)
g	P	05:39:42	(GMT)	(stærð $3 \frac{1}{2}$)
h	P	05:41:18	(GMT)	(stærð $3 \frac{1}{2}$)
i	P	05:45:41	(GMT)	(stærð $3 \frac{1}{2}$)

Upptök þessarar jarðskjálftahrinu var í um 50 km fjarlægð frá Reykjavík og mjög nálægt Reykjanesi.

40 - 17. 5. júní 1940. Á Reykjanesi fannst hræring kl. 23:30, III stig (V.s.b. 1940). Sást ekki á jarðskjálftamælum í Reykjavík.

40 - 18. 6. júní 1940. Á Reykjanesi fundust fimm jarðskjálftkippir: kl. 2:51, II stig; kl. 3:00, III stig; kl. 3:11, III stig; kl. 3:30, IV stig og kl. 3:33, II stig (V.s.b. 1940). Sáust ekki á blöðum jarðskjálftamælanna í Reykjavík.

40 - 19. 16. júní 1940. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík mældu einn jarðskjálfta (S.B. 1940):

P 23:12:58 (GMT) (stærð 4)
S 13:13

Upptökin hafa verið í um 125 km fjarlægð.

40 - 20. 4. júlí 1940. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu tvo jarðskjálfta (S.B. 1940):

a P 00:31:08 (GMT) (stærð 3 3/4)
S 31:27
b P 00:37:51 (GMT) (stærð 3 3/4)
38:10

Upptökin hafa verið í um 160 km fjarlægð frá Reykjavík.

40 - 21. 7. ágúst 1940. Í Reykjavík fundust tveir jarðskjálftakippir kl. 17:27 og var sá síðari allsnarpur, svo að munir féllu af hillum og jafnvel myndir af veggjum í sumum húsum (Mb. 8. ág. 1940). Í Ölfusi varð fólk ekki vart við kippina og fyrst í stað virtist enginn hafa orðið þeirra var á Suðurnesjum, en síðar bárust fréttir um, að fólk hefði orðið vart við lítilsháttar hræringar (Mb. 8. ág. 1940). Á Akranesi voru kippirnir veikir og fundust alls ekki í Borgarfirði (Mb. 8. ág. 1940). Á Efra-Hvoli í Hvolhreppi fannst allsnarpur jarðskjálfti kl. 17:25, sem virtist koma úr norðri (B.V. 1940). Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu 10 jarðskjálfta-

kippi (S.B. 1940):

a	P	17:26:53	(GMT)	(stærð 4 3/4)
	S	26:57		
b	P	17:28:42	(GMT)	
c	S	17:32:09	(GMT)	
d	(P)	18:25:10	(GMT)	
e	P	18:25:30	(GMT)	
	S	25:33		
f	S	18:38:09	(GMT)	
g	S	18:38:46	(GMT)	
h	P	18:39:38	(GMT)	
	S	39:41		
i	P	19:08:23	(GMT)	
	S	08:26		
j	P	19:10:14	(GMT)	
	S	10:16		

Fyrsti jarðskjálftinn var svo mikill að jarðskjálftamælarnir biluðu og var verið að koma þeim í lag þegar síðari jarðskjálftarnir komu. Þessvegna er ekki unnt að meta stærð þeirra, en þeir voru allir mikið minni en fyrsti skjálftinn. Upptök þessara jarðskjálfta var í um 25 km fjarlægð frá Reykjavík, sennilega í suðvestri (V. 1940).

40 - 22. 14. september 1940. Í Grindavík fannst hægur jarðskjálfti kl. 4:05 (sumartími). Það hrikkti í húsum og nokkrir vöknuðu (B.V. 1940). Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu örlitla hræringu kl. 4:01:29 (GMT), en ekki er unnt að meta fjarlægð til upptaka né stærð (S.B. 1940).

40 - 23. 17. október 1940. Í Reykjavík fannst mjög vægur jarðskjálfti, II stig, kl. 21:14 (V. 1940). Jarðskjálftamælar sýndu að skjálfti þessi var mjög lítill og upptök mjög nálægt Reykjavík (S.B. 1940).

40 - 24. 24. desember 1940. Jarðskjálftamælarnir í

Reykjavík sýndu einn smáskjálfta með upptök í um 30 km fjarlægð (S.B. 1940):

P 00:40:50 (GMT)
S 40:54

40 - 25. 28. desember 1940. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu tvær litlar jarðhræringar (S.B. 1940):

a P 13:31:50 (GMT)
S 31:57
b S 13:37:17 (GMT)

Upptök þessara hræringa var í 50 til 60 km fjarlægð frá Reykjavík.

JARÐSKJÁLFTAR Á ÍSLANDI ÁRIÐ 1941.

41 - 1. 3. janúar 1941. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu eina jarðhræringu með upptök í um 70 km fjarlægð (S.B. 1941):

P 23:16:07 (GMT) (stærð 3 3/4)
S 16:16

41 - 2. 2. febrúar 1941. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu einn lítinn jarðskjálfta (S.B. 1941):

P 01:53:24 (GMT) (stærð 3 1/4)
S 53:31

Upptök jarðskjálftans hafa sennilega verið í um 50 km fjarlægð.

41 - 3. 8. maí 1941. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík mældu allmargar hræringar með upptök í um 150 km fjarlægð. Fjórir mestu skjálftarnir voru (S.B. 1941):

a	P	06:23:36	(GMT)	(stærð 4)
	S	23:54		
b	P	06:51:04	(GMT)	(stærð 4)
	S	51:22		
c	P	06:56:29	(GMT)	(stærð 5 1/4)
	S	56:47		
d	P	07:45:47	(GMT)	(stærð 4 1/4)
	S	46:01		

Sá mesti þessara jarðskjálfta, kl. 06:56 (GMT), mældist á nokkrum erlendum jarðskjálftastöðvum og sýna þær mælingar, að upptökin voru suðvestur af Reykjanesi, nálægt $63\frac{1}{2}^{\circ}\text{N}$, $27\frac{1}{2}^{\circ}\text{V}$. Mælingar í DeBilt, Hollandi gefa til kynna, að stærð jarðskjálftanna hafi verið um $4\frac{3}{4}$, eða hálfum minni en mælingar í Reykjavík sýndu. Þetta getur bent til að jarðskjálftar sem eiga upptök suðvestur af Reykjanesi mælist að jafnaði meiri í Reykjavík en annars staðar.

41 - 4. 16. maí 1941. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík mældu einn allmikinn jarðskjálfta (S.B. 1941):

P 09:22:49 (GMT) (stærð 5 1/4)

S-bylgjur þessa jarðskjálfta voru svo ógreinilegar að tími þeirra varð ekki ákvarðaður með vissu, en líkur eru til að fjarlægðin hafi verið um 300 km, sennilega í suðvestri, þar sem skjálftar frá jarðskjálftasvæðinu úti fyrir Norðurlandi sýna jafnan greinilega S-bylgjur, og auk þess ætti jarðskjálfti af þessari stærð að hafa fundizt ef upptökin hefðu verið skammt norður af landinu. Ekki er vitað um jarðskjálftaupptök í um 300 km fjarlægð frá Reykjavík nema á þessum tveimur svæðum, við norðurströnd Íslands og á Reykjaneshryggnum.

41 - 5. 19. maí 1941. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu einn lítinn jarðskjálfta (S.B. 1941):

P 22:34:13 (GMT) (stærð 3 3/4)
S 34:21

Upptökin voru í um 65 km fjarlægð frá Reykjavík.

41 - 6. 2. júlí 1941. Lítil jarðskjálfti með upptök í 150 til 200 km fjarlægð mældist í Reykjavík (S.B. 1941):

(P) 2:00:23 (GMT) (stærð 3 3/4)
(S) 00:43

41 - 7. 6. júlí 1941. Á Reykjanesi fannst jarðskjálfti, IV stig, um kl. 24 (V.s.b. 1941). Sást ekki á mælum í Reykjavík.

41 - 8. 23. júlí 1941. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu jarðhræringu, sem sennilega átti upptök í um 70 km fjarlægð (S.B. 1941):

P 1:07:57 (GMT) (stærð 4)
S 08:01

41 - 9. 30. júlí til 1. ágúst 1941. Aðfaranótt 30. júlí um kl. 4 vaknaði fólk í Hveragerði við snarpan jarðskjálftakipp. Hrikkti í húsum, en lausir munir riðuðu til. Komu síðar um nóttina fleiri vægari kippir og sömuleiðis um daginn, 30. júlí, en þá voru tveir kippir allsnarpir. Síðan varð jarðhræringa vart annað veifið og alls fundust mjög margir kippir (Mb. 1. ág. 1941). Jarðskjálftanna mun ekki hafa gætt nema á litlu svæði í Ölfusinu og Grafningi. Harðastir hafa þeir verið í Hveragerði og þar í grennd, en fundust einnig á Hjallabæjum í Ölfusi og uppi í Grímsnesi neðan til. Við Ölfusárbrú (Selfoss) varð þeirra ekki vart (Mb. 1. ág. 1941).

Aðfaranótt 1. ágúst fundust aftur snarpir jarðskjálftar í Hveragerði og komu tveir mjög snarpir kippir kl. 1:15 og 1:30 (sumartími), en síðan voru hræringar við og við fram á morgun (VÍ. 1. ág. 1941). Einn kippurinn fannst í Reykjavík, en mjög vægt (VÍ. 1. ág. 1941). Á einu steinhúsi í Hveragerði komu smásprungur af völdum jarðskjálftanna. Myndir skekkust á veggjum og hlutir, er tæpt stóðu,

féllu niður (Mb. 2. ág. 1941). Fólk í Hveragerði vaknaði við og fór á kreik og sló nokkrum óhug á sumu (Mb. 2. ág. 1941). Í Grímsnesi og á Selfossi varð þessara hræringa vart og eins í Skíðaskálanum á Hellisheiði (Mb. 2. ág. 1941). Á Eyrarbakka fannst jarðskjálfti kl. 0:13, 1. ágúst (V.b. 1941). Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu alls átta hræringar og var þessi mest (S.B. 1941):

P 1:15:45 (GMT, 1. ág.) (stærð 3 3/4)
S 15:49

Upptökin virðast hafa verið í um 30 km fjarlægð og þá mjög nálægt Hveragerði.

41 - 10. 9. ágúst 1941. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu 5 jarðskjálftakippi, sem virðast hafa átt upptök í um 200 km fjarlægð frá Reykjavík (S.B. 1941):

a P 14:14:01 (GMT) (stærð 4 3/4)
S 14:25
b P 14:24:07 (GMT) (stærð 5)
S 24:31
c P 15:07:53 (GMT) (stærð 4 3/4)
S 08:15
d P 15:28:20 (GMT) (stærð 5 1/2)
S 28:44
e P 15:35:02 (GMT) (stærð 5 3/4)
S 35:30

Upptök þessara hræringa voru ákvörðuð, með hliðsjón af mælingum erlendra jarðskjálftastöðva, á Reykjaneshrygg, 61,5°N, 30,0°V (I.S.S. 1941), en sú staðsetning er nálægt 500 km suðvestur af Reykjavík. Fjarlægðin frá Reykjavík sýnir, að veruleg skekkja hlýtur að vera í þessari staðar-ákvörðun, en upptökin eru tvímælalaust í suðvestur frá Reykjavík.

41 - 11. 5. september 1941. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu einn jarðskjálfta með upptök í um 180 km

fjarlægð (S.B. 1941):

P 17:32:06 (GMT) (stærð 4)
S 32:25

41 - 12. 28. - 29. september 1941. Aðfaranótt þess 28. september varð vart við jarðskjálfta í Grindavík, aðallega í Járngerðarstaðahverfi. Um daginn þ. 28. fundust jarðskjálftakippir allan daginn, en fremur hægir. Virtust þeir koma úr vestri. Einnig fundust þá jarðskjálftar í Höfnum (B.V. 1941). Önnur heimild getur um að jarðskjálfta hafi orðið vart 7:55 og síðan komu þrjár kippir hver á eftir öðrum, sá síðasti kl. 8:06. Kippirnir voru litlir, mestur kl. 8:02. Kl. 13:57 til 17:12 komu 7 kippir, allir stuttir og litlir. Síðasti kippurinn, sem vart var, kom kl. 21:28 og var hann snarpastur (V.b. 1941). Þeir, sem voru vakandi, urðu varir við kipp kl. 1, þ. 29. september (V.B. 1941). Önnur heimild getur um jarðskjálfta kl. 20:50 (hægur), kl. 21:25 (nokkuð snarpur), kl. 21:27 (hægur), kl. 22:23 (hægur) þann 28. september og kl. 0:30 (snöggur) og kl. 4:30 (hægur) þann 29. september (V.b. 1941). Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu alls 15 jarðskjálftakippi, en flestir þeirra voru mjög litlir. Mestir voru eftirtaldir kippir (S.B. 1941):

a	P	14:06:54	(GMT, 28. sept.)	(stærð 3 3/4)
	S	07:00		
b	P	15:02:09	(GMT, 28. sept.)	(stærð 3 1/2)
	S	02:15		
c	P	15:51:19	(GMT, 28. sept.)	(stærð 3 3/4)
	S	51:24		
d	P	21:24:42	(GMT, 28. sept.)	(stærð 4)
	S	24:47		
e	P	00:19:54	(GMT, 29. sept.)	(stærð 3 1/2)
	S	20:00		

Fjarlægð upptaka þessarar jarðskjálftahrinu virtist hafa verið 40-50 km frá Reykjavík.

41 - 13. 1. október 1941. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu lítinn jarðskjálfta með upptök í um 40 km fjarlægð (S.B. 1941):

P 17:39:14 (GMT) (stærð 3 1/4)
S 39:19

JARÐSKJÁLFTAR Á ÍSLANDI ÁRIÐ 1942

42 - 1. 20. janúar 1942. Jarðskjálfta varð vart kl. 8:40 í Ölfusi, Stórólshvoli, Fljótshlíð og víðar (Ab. 21. jan. 1942). Í Vestmannaeyjum fannst jarðskjálfti kl. 8:30, tveir kippir (V.s. 1942). Á Eyrarbakka fannst jarðskjálfti kl. 8:30. Stólar, rúm og bókaskápar hristust (V.b. 1942). Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu jarðskjálftann (S.B. 1942).

P 9:38:53 (GMT) (stærð 4 1/4)
S 39:01

Upptök jarðskjálftans hafa verið í um 65 km fjarlægð frá Reykjavík, sennilega nálægt Hestfjalli (Ab. 21. jan. 1942, V. 1942).

42 - 2. 6. marz 1942. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu einn jarðskjálfta (S.B. 1942):

P 10:19:40 (GMT) (stærð 5)
S 20:14

Upptökin voru í um 280 km fjarlægð, sennilega í suðvestri, þar sem jarðskjálftinn mundi hafa fundist ef upptökin hefðu verið á jarðskjálftasvæðinu við Norðurland.

42 - 3. 14. marz 1942. Jarðskjálftar fundust á Húsavík, af og til allan daginn, allir vægir (V.s. 1942). Á Sandi í Aðaldal fannst allsnarpur jarðskjálftakippur kl. 2:10 og nokkrar vægar hræringar síðar um morguninn (V.s. 1942). Jarðskjálftar þessir sáust ekki á blöðum jarð-

skjálftamælanna í Reykjavík.

42 - 4. 15. marz 1942. Á Húsavík fundust litlir jarðskjálftakippir af og til (V.s. 1942). Sáust ekki á mælum í Reykjavík.

42 - 5. 17. marz 1942. Á Húsavík fundust litlir jarðskjálftakippir af og til um daginn (V.s. 1942). Á Sandi í Aðaldal fundust jarðskjálftakippir kl. 4:10; 5:15; 6:33; 6:35; 15:30; 17:45 og 20:40. Kippurinn kl. 6:33 var allsnarpur, en hinir allir vægir. Auk þess varð vart við nokkra mjög væga kippi (V.s. 1942). Á Skriðulandi í Kolbeinsdal fannst jarðskjálfti, II stig, kl. 6:30 (V.s. 1942). Á Húsavík voru tveir kippirnir aðfaranótt 17. marz svo snarpir, að munir hreyfðust úr stað. Þar töldu menn 11 kippi á 17 mínútum (VÍ. 18. marz 1942). Einhver röskun varð á sprungum í Húsavíkurhöfða við jarðskjálftann, en þar kom upp 20-30 gráðu heit gufa eftir jarðskjálftana (Da. 26. marz 1942). Jarðskjálftar þessir mældust ekki í Reykjavík.

42 - 6. 18. marz 1942. Á Sandi í Aðaldal fundust jarðskjálftahræringar við og við um nóttina og morguninn, alls 7-8 hræringar, allar mjög vægar. Síðasta hræringin varð kl. 9:10 (V.s. 1942). Á Húsavík fundust einnig jarðhræringar aðfaranótt 18. marz (VÍ. 18. marz 1942). Þessar hræringar mældust ekki í Reykjavík.

42 - 7. 25. apríl 1942. Á Akureyri fannst jarðskjálfti kl. 20:03, III stig, virtist koma úr norðri eða norðvestri (B.V. 1942). Á Siglufirði fannst allsnarpur jarðskjálfti kl. 20:02, stóð yfir um 10 sek., virtist koma úr austri. Fólk flýði úr húsum, en ekki er kunnugt um að skemmdir hafi orðið (B.V. 1942). Á Blönduósi fannst jarðskjálfti, IV stig, kl. 20:02, varaði 10 sek., virtist koma úr norðaustri, (V.s. 1942). Á Skriðulandi í Kolbeinsdal fannst jarðskjálfti kl. 20:00, III stig (V.s. 1942). Á Sandi í Aðal-

dal fannst mjög væg jarðhræring kl. 20:15 (V.s. 1942). Á Húsavík fannst vægur jarðskjálftakippur (V.s. 1942). Á Ólafsfirði varð vart við allsnarpan jarðskjálftakipp kl. liðlega 20. Ekki olli hann skemmdum svo vitað sé (Vi. 27. apr. 1942). Jarðskjálftinn fannst frá Siglufirði og Fljótum og inn í Eyjafjörð framan (sunnan) Akureyrar. Á Siglufirði var kippurinn einna snarpastur. Þar hristust hús svo að myndir hrukku af veggjum og smáhlutir hreyfðust úr stað. Á Dalvík var kippurinn mun minni og eins á Akureyri, en virtist heldur snarpari frammi í firði. Annar kippur kom á Siglufirði um miðnættið, er fannst á Dalvík, en ekki á Akureyri. Sá þriðji fannst á Siglufirði um morguninn þ. 26. apríl (Mb. 28. apr. 1942). Á Svalbarðseyri fannst jarðskjálftinn. Fundust þar tveir kippir. Var sá fyrri allsnarpur en sá síðari nokkru linari (Tí. 2. maí 1942). Jarðskjálftamælanir í Reykjavík sýndu eina jarðhræringu (S.B. 1942).

P 20:02:31 (GMT) (stærð 4 3/4)
S 03:00

Samkvæmt þessum mælingum voru upptök jarðskjálftans í um 240 km fjarlægð frá Reykjavík, en þegar haft er í huga, að Siglufjörður er í um 265 km fjarlægð frá Reykjavík, þá virðist 240 km fjarlægð vera of lítil. Sennilega hafa upptök jarðskjálftans verið nálæt Siglufirði, og þá e.t.v. eitthvað sunnar.

42 - 8. 5. maí 1942. Í Reykjavík fannst vægur jarðskjálfti, III stig, kl. 7:08 (V. 1942). Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu þessa hræringu (S.B. 1942):

P 08:07:33 (GMT) (stærð 3 3/4)
S 07:36

Upptök jarðskjálftans hafa verið í um 20 km fjarlægð.

42 - 9. 10. júní 1942. Á Ljósafossi fannst jarðskjálftakippur kl. 10:32 (sumartími) (V.b. 1942). Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu þennan jarðskjálfta (S.B. 1942):

P 10:32:35 (GMT) (stærð 3 3/4)
S 32:39

Upptök jarðskjálftans voru í um 30 km fjarlægð frá Reykjavík, sennilega í Henglinum (V. 1942).

42 - 10. 17. júní 1942. Jarðskjálftakippur fannst kl. 21:14 á Stórolfshvoli og nokkrum öðrum stöðum suðvestan lands, einnig í Reykjavík en mjög vægt þar (V. 1942). Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu þennan jarðskjálfta (S.B. 1942):

P 22:14:12 (GMT) (stærð 4 $\frac{1}{2}$)
S 14:22

Upptök jarðskjálftans munu hafa verið í 60-70 km fjarlægð frá Reykjavík.

42 - 11. 31. ágúst 1942. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu tvo jarðskjálftakippi með upptök í um 190 km fjarlægð (S.B. 1942):

a P 16:54:43 (GMT) (stærð 4 1/4)
S 55:05
b P 16:58:56 (GMT) (stærð 3 3/4)
S 59:19

42 - 12. 5. september 1942. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu eina jarðhræringu (S.B. 1942):

(P) 15:04:55 (GMT) (stærð 4)
S 05:11

Upptök þessa skjálfta hafa sennilega verið í um 140 km fjarlægð frá Reykjavík.

42 - 13. 1. nóvember 1942. Í Reykjavík fannst vægur jarðskjálftakippur kl. 11:03 (V. 1942). Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu jarðskjálfta (S.B. 1942), en fjarlægð upptakanna varð ekki ákvörðuð og þá ekki heldur stærð jarðskjálftans, en upptökin voru mjög nálæg og jarðskjálft-

inn lítill.

42 - 14. 18. nóvember 1942. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu 9 jarðhræringar (S.B. 1942):

a	S	4:37:09	(GMT)	(stærð 3 3/4)
b	(P)	6:42:45	(GMT)	(stærð 5)
	S	43:01		
c	P	7:10:20	(GMT)	(stærð 5 1/4)
	S	10:39		
d	S	7:20:24	(GMT)	(stærð 4)
e	P	7:37:11	(GMT)	(stærð 4 3/4)
	S	37:30		
f	S	7:44:10	(GMT)	(stærð 4)
g	S	16:40:54	(GMT)	(stærð 3 3/4)
h	P	17:06:22	(GMT)	(stærð 4)
	S	06:30		
i	P	17:36:13	(GMT)	(stærð 3 3/4)
	S	36:20		

Upptök þessara hræringa voru í um 160 km fjarlægð frá Reykjavík, sennilega í suðvestri. Verið getur að tvær síðustu hræringarnar hafi átt upptök allmiklu nær Reykjavík, en þar sem P-bylgjur jarðskjálftanna voru smáar, er ekki hægt að dæma um fjarlægðina með vissu, nema mestu skjálftanna. Mælingar í DeBilt, Hollandi, sýna að stærð jarðskjálftans kl. 07:10 (GMT) var um 5, eða heldur minni en mælingarnar í Reykjavík gefa til kynna.

42 - 15. 19. nóvember 1942. Á Reykjanesi fannst jarðskjálfti, III stig, kl. 16:55 og kl. 16:58 (V.s.b. 1942). Hér virðist vera um tvo jarðskjálfta að ræða, en jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu aðeins einn skjálfta, sem getur samsvarað jarðskjálftunum á Reykjanesi. Alls sýndu mælarnir í Reykjavík átta hræringar (S.B. 1942) Mestar voru:

a	P	17:55:26	(GMT)	(stærð 5)
	S	55:35		

b	P	18:06:06	(GMT)	(stærð 4 1/4)
	S	06:15		
c	P	21:09:10	(GMT)	(stærð 4 1/2)
d	P	21:11:21	(GMT)	(stærð 4 1/2)
	S	11:31		
e	P	21:31:31	(GMT)	(stærð 4 1/4)
	S	31:40		

Upptök þessarar hrinu voru í um 75 km fjarlægð frá Reykjavík, sennilega um 25 km suðvestur af Reykjanesi.

42 - 16. 27. nóvember 1942. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu fjórar litlar jarðhræringar með upptök í um 65 km fjarlægð. Mestar voru (S.B. 1942):

a	P	19:25:08	(GMT)	(stærð 3 3/4)
	S	25:16		
b	P	19:28:26	(GMT)	(stærð 3 3/4)
	S	28:34		

42 - 17. 10. desember 1942. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu einn jarðskjálfta kl. 11:06:52 (GMT) (S.B. 1942). Upptök þessa skjálfta hafa sennilega verið í um 150 km fjarlægð og stærðin 4 1/4.

42 - 18. 15. desember 1942. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu eina jarðhræringu með upptök í um 180 km fjarlægð (S.B. 1942):

	P	15:43:30	(GMT)	(stærð 4 1/4)
	S	44:13		

JARÐSKJÁLFTAR Á ÍSLANDI ÁRIÐ 1943

43 - 1. 27. janúar 1943. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu fjóra jarðskjálftakippi (S.B. 1943):

a	P	17:50:14	(GMT)	(stærð 3 3/4)
	S	50:41		
b	S	18:01:17	(GMT)	(stærð 4 $\frac{1}{2}$)
c	P	18:20:57	(GMT)	(stærð 4 3/4)
	S	21:14		
d	S	18:29:32	(GMT)	(stærð 4 3/4)

Upptök þessara skjálfta munu hafa verið í um 130 km fjarlægð frá Reykjavík.

43 - 2. 29. janúar 1943. Í Hrisey fannst snöggur jarðskjálftakippur um kl. 21. Nokkrum sinnum hafði orðið vart jarðhræringa mánuðina á undan (Ab. 2. febr. 1943). Þessar hræringar sáust ekki á blöðum jarðskjálftamælanna í Reykjavík.

43 - 3. 2. marz 1943. Mjög vægur jarðskjálfti fannst í Reykjavík kl. 17:23 (V. 1943). Jarðskjálftamælarnir sýndu (S.B. 1943):

P	18:23:04	(GMT)	(stærð 3 3/4)
S	23:07		

Upptök þessa skjálfta voru í um 20 km fjarlægð frá Reykjavík.

43 - 4. 7. marz 1943. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu einn skjálfta með upptök í um 150 km fjarlægð (S.B. 1943):

P	15:58:33	(GMT)	(stærð 4)
S	58:52		

43 - 5. 12. apríl 1943. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu einn jarðskjálfta með upptök í um 120 km fjar-

lægð (S.B. 1943, V. 1943):

P 06:08:12 (GMT) (stærð 4 1/4)
S 08:26

43 - 6. 1. ágúst 1943. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu eina smáhræringu, sem virtist eiga upptök í um 120 km fjarlægð (S.B. 1943):

P 23:24:25 (GMT) (stærð 3 $\frac{1}{2}$)
S 24:40

43 - 7. 6. ágúst 1943. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu þrjá jarðskjálftakippi (S.B. 1943):

a P 05:04:56 (GMT) (stærð 4 1/4)
S 05:32
b P 05:15:01 (GMT) (stærð 5)
S 15:40
c P 07:07:43 (GMT) (stærð 5)
S 08:16

Upptök þessa skjálfta munu hafa verið í um 300 km fjarlægð frá Reykjavík, sennilega suðvestur af landinu.

43 - 8. 1. september 1943. Á Reykjanesi fannst jarðskjálfti, III stig, kl. 14:13 (V.s.b. 1943). Mældist ekki í Reykjavík.

43 - 9. 2 september 1943. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu einn jarðskjálfta með upptök í um 100 km fjarlægð (S.B. 1943):

(P) 15:51:21 (GMT) (stærð 3 3/4)
S 51:25

Þessar upplýsingar gefa upptökin í um 40 km fjarlægð, en nánari athugun á blöðum jarðskjálftamælanna sýndi, að þau voru sennilega í um 100 km fjarlægð.

43 - 10. Á árinu 1943 er alloft getið um jarðskjálfta með upptök mjög nálægt Reykjavík (S.B. 1943, V. 1943). Allir þessir skjálftar voru mjög smáir, stærð minni en 3, og verið getur að þeir hafi orðið af völdum sprenginga. Þeir eru því ekki taldir hér.

JARÐSKJÁLFTAR Á ÍSLANDI ÁRIÐ 1944

44 - 1. 1. janúar 1944. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu tvo jarðskjálftakippi (S.B. 1944):

a	P	06:17:43	(GMT)	(stærð $5 \frac{1}{2}$)
	S	18:29		
b	P	06:44:(58)	(GMT)	(stærð 5)
	S	45:05		

Augljós villa er í P-tíma seinni jarðskjálftans. Upptök jarðskjálftanna munu hafa verið í um 350 km frá Reykjavík, en annars er ekki vitað hvar þau voru.

44 - 2. Janúar 1944. Í bréfi, dagsettu 12. apríl, frá Kristjáni Eggertssyni í Grímsey er sagt að jarðskjálfta hafi orðið vart um veturinn, "en ávalt svo máttlaust, að með naumindum er hægt að greina. Einkum átti þetta sér stað í janúar" (B.V. 1944). Það má geta sér til að jarðskjálftar þeir sem fundust á Norðurlandi fyrri hluta febrúar-mánaðar hafi verið meðal þeirra jarðhræringa, sem fundust vægt í Grímsey.

44 - 3. 1. febrúar 1944. Á Siglufirði varð vart við lítinn jarðskjálftakipp eða sprengingu kl. 19:25. Virtist koma úr austri (V.s.b. 1944).

44 - 4. 4. febrúar 1944. Á Húsavík fannst snarpur jarðskjálfti, VI stig, kl. 17:31 og annar minni, II stig, kl. 17:57. Skjálftinn var svo snarpur, að borð og stólar færðust

til, hlutir dattu af hillum, t.d. í verzlunum, en þó urðu ekki skemmdir til skaða. Í einu timburhúsi rifnaði veggfóður af lofti og niður eftir vegg. Smákippir fundust síðan af og til um nóttina (V.s. 1944). Á Akureyri fundust jarðskjálftakippir kl. 17:31 og 17:57 (V.s.b. 1944). Aðrar heimildir geta um einn snarpan jarðskjálftakipp (Ab. 8. febr. 1944, Da. 10. febr. 1944). Á Sandi í Aðaldal fannst vægur jarðskjálftakippur kl. 17:30 (V.s. 1944). Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu einn jarðskjálfta (S.B. 1944):

P 18:33:05 (GMT) (stærð 5 1/4)
S 33:35

Fjarlægð upptaka jarðskjálftanna hefur samkvæmt þessu verið um 250 km, en aðrar upplýsingar, sem að ofan er getið, benda til upptaka nálægt Húsavík, eða um 300 km frá Reykjavík.

44 - 5. 6. febrúar 1944. Á Húsavík fannst snarpur jarðskjálfti, VI stig, kl. 16:06. Sumir töldu hann snarpari en jarðskjálftann 4. febrúar, en aðrir töldu þá jafna. Hlutir dattu úr hillum og færðust til, en skemmdir urðu engar. Annar smærri kippur kom kl. 16:09 og auk þess varð annað slagið vart smáhræringa (V.s. 1944). Á Akureyri fannst mjög snarpur kippur kl. 16:08 (Ab. 8. febr. 1944), en þó tæplega eins snarpur og sá sem kom 4. febrúar (Da. 10. febr. 1944). Önnur heimild gefur tímunn 16:05 (V.s.b. 1944). Á Sandi í Aðaldal fannst jarðskjálftinn kl. 16:05, en var talinn vægur (V.s. 1944). Jarðskjálftinn fannst einnig á Fjöllum í Kelduhverfi og lítilllega í Bárðardal (Mb. 8. febr. 1944). Sennilega hafa jarðskjálftarnir 4. og 6. febrúar fundist í Grimsey, samanber það sem að ofan greinir um jarðskjálfta í janúar (B.V. 1944). Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu einn skjálfta (S.B. 1944):

P 17:06:44 (GMT) (stærð 5)
S 07:18

Upptökin virðast hafa verið í um 280 km fjarlægð frá

Reykjavík.

44 - 6. 10. febrúar - eða 11. febrúar 1944. Á Húsavík fannst jarðskjálfti, III stig, kl. 3 aðfaranótt 11. febrúar. Fólk vaknaði allviða við kippinn. Virtist koma úr austri eins og jarðskjálftanir 4. og 6. febrúar (V.s. 1944). Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu eina jarðhræringu 10. febrúar (S.B. 1944):

P	03:20:21	(GMT)	(stærð 4 3/4)
S	20:38		
i	20:51		

Fjarlægð upptakanna frá Reykjavík var um 140 km, ef S-bylgjan er rétt lesin. Hafi hinsvegar S-bylgjan komið 02:20:51, eins og nokkur ástæða er til að ætla, þá er fjarlægð upptakanna sú sama og jarðskjálftans 4. febrúar. Líkur eru til að jarðskjálftinn sem fannst á Húsavík 11. febrúar kl. 3 sé sami jarðskjálfti og sá sem mældist í Reykjavík 10. febrúar kl. 3:20, en að önnur hvor heimildin hafi ranga dagsetningu.

44 - 7. 18. febrúar til 7. marz 1944. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu, að mjög mikil jarðskjálftahrina hófst kl. 20:03 þann 18. febrúar og var hrinunni ekki lokið fyrr en snemma í marz, eða enn síðar. Er þetta langmesta jarðskjálftahrina sem komið hefur í næsta nágrenni Íslands síðan stöðugar jarðskjálftamælingar hófust í Reykjavík árið 1926. Alls er getið um 209 jarðskjálfta í hrinu þessari (S.B. 1944), en þegar þess er gætt, að minnstu jarðskjálftanir sem mældust voru af stærðinni 3 til $3\frac{1}{2}$, þá má gera ráð fyrir að mörg þúsund jarðskjálftar hefðu mælt ef jarðskjálftamælarnir hefðu verið nãmari. Fjarlægð frá Reykjavík til upptaka hrinunnar er erfitt að meta, þar sem S-bylgjur voru annað hvort mjög óljósar eða sáust ekki á blöðum mælanna. Mismunur á komutíma P- og S-bylgna er oftast talinn 18 sek. (S.B. 1944), sem samsvarar um 150 km fjarlægð til upptaka. Mælingar erlendra jarð-

skjálftastöðva benda til að upptökin hafi verið nokkru nær Reykjavík, eða í um 120 km fjarlægð í suðvestri, nálægt 63,4°N, 23,6°V, sem er um 10 km suðvestur af Eld-eyjarboða. Nákvæmni þessarar staðsetningar er slæm, svo að skakkað getur tugum kílómetra. Má því segja, að upptök jarðskjálftahrinunnar hafi verið í nágrenni Eld-eyjarboða, en þó sennilega suðvestan boðans. Mesti skjálfti hrinunnar var að stærð um $5 \frac{3}{4}$, metið eftir mælingum í Reykjavík, en nokkru minni, eða $5 \frac{1}{4} - 5 \frac{1}{2}$, samkvæmt mælingum á meginlandi Evrópu. Það virðist mjög vanalegt að jarðskjálftar með upptök suðvestur af Reykjanesi metist stærri ef mælingar í Reykjavík eru lagðar til grundvallar en samkvæmt mælingum á meginlandi Evrópu. Í töflu þeirri, sem hér fer á eftir, er sýnt hve margir jarðskjálftar mældust dag hvern á meðan hrinan varaði.

Dagur	fjöldi mældra jarðskjálfta	fjöldi jarðskj. að stærð 4 eða meiri	fjöldi jarðskj. að stærð 5 eða meiri
18. febr.	3	3	2
19. "	8	6	2
20. "	3	2	1
21. "	30	22	5
22. "	40	19	2
23. "	70	24	1
24. "	24	5	0
25. "	10	3	0
26. "	7	2	0
27. "	3	1	0
28. "	3	2	1
29. "	3	0	0
1. marz	0	0	0
2. "	3	1	0
3. "	0	0	0
4. "	2	1	0
5. "	0	0	0
6. "	0	0	0
7. "	1	1	0

Það er eftirtektarvert, að fyrstu daga hrinunnar komu tiltölulega margir af mestu skjálftunum, en síðari daga hrinunnar eru skjálftarnir yfirleitt smærri.

44 - 8. 6. apríl 1944. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu einn jarðskjálfta (S.B. 1944).

P 12:04:26 (GMT) (stærð 4 3/4)
S 04:49

Upptök jarðskjálftans munu hafa verið í um 200 km fjarlægð frá Reykjavík, ef til vill í vestanverðum Vatnajökli (V. 1944).

44 - 9. 3. maí 1944. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu fjóra jarðskjálftakippi (S.B. 1944):

a (P) 19:57:18 (GMT) (stærð 5 1/4)
S 57:48
b P 20:16:28 (GMT) (stærð 4 1/4)
S 16:57
c P 20:31:36 (GMT) (stærð 4 3/4)
d P 21:11:51 (GMT) (stærð 4 3/4)

Upptök jarðskjálftanna munu hafa verið í um 250 km fjarlægð frá Reykjavík.

44 - 10. 2. júní 1944. Í Grindavík fannst snarpur jarðskjálfti um kl. 5 um morguninn. Fólk vaknaði og talsvert hrikti í húsum. Síðan fundust mjög vægir skjálftar kl. 5:20, 5:25, 21:05, 21:10, 22:10, 22:25, 23:40 og 24:00 (B.V. 1944). Jarðskjálftar þessir munu ekki hafa fundizt í Krísuvík og ekki heldur á Vigdísarvöllum, en á Ísólfsskála fundust þeir meira en hjá Hrauni í Grindavík. Þeir fundust lítið í Staðahverfi, en talsvert á Þorbirni (B.V. 1944). Í Reykjavík fannst allsnarpur jarðskjálfti um kl. 5 og annar kippur, miklu minni, fáeinum mínútum síðar. Fyrri jarðskjálftakippurinn var svo snarpur, að fólk vaknaði víða og þótti nóg um (VÍ. 2. júní 1944).

Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu tvær jarðhræringar (S.B. 1944):

- a P 04:52:15 (GMT) (stærð 4)
S 52:19
- b (P) 05:02:05 (GMT) (stærð 3)

Upptök hræringanna hafa sennilega verið í um 25 km fjarlægð frá Reykjavík. Síðari hræringin sem mældist í Reykjavík er sennilega jarðskjálftinn, sem fannst í Grindavík. Þessar tvær hræringar hafa þá ekki átt sömu upptök.

44 - 11. 3. júní 1944. Í Grindavík héldu áfram vægar jarðhræringar og fundust smákippir kl. 12:00, 12:10 og 15:30 (B.V. 1944). Hræringar þessar sást ekki á blöðum jarðskjálftamælanna í Reykjavík.

44 - 12. 11. júní 1944. Í Grindavík fannst vægur jarðskjálfti kl. 23:30 (B.V. 1944). Sást ekki á mælum í Reykjavík.

44 - 13. 12. júní 1944. Í Grindavík fundust vægar jarðhræringar kl. 1:00, 5:25, 22:40, 22:45, 23:45 og 24:00. Í þremur síðustu hræringunum hriksti í húsum (B.V. 1944). Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu þrjár smáhræringar (S.B. 1944):

- a (P) 23:42:00 (GMT) (stærð 3)
(S) 42:04
- b (S) 23:43:12 (GMT) (stærð $2 \frac{1}{2}$)
- c (S) 23:47:42 (GMT) (stærð $2 \frac{1}{2}$)

Fjarlægð upptakanna verður ekki metin með neinni vissu, en gera má ráð fyrir að þetta séu jarðskjálftarnir sem fundust í Grindavík, enda þótt nokkru skakki á tíma.

44 - 14. 13. júní 1944. Í Grindavík fundust vægir jarðskjálftar kl. 00:45, 00:50, 01:05, 01:08, 01:10, 01:13, 01:15 og 01:20. Í tveimur fyrstu hræringunum hriksti í húsum (B.V. 1944). Jarðskjálftamælarnir í Reykja-

vík sýndu fjórar smáhræringar (S.B. 1944):

a	P	00:04:47	(GMT)	(stærð 3)
	S	04:49		
b	P	01:07:12	(GMT)	(stærð 3)
	S	07:16		
c	(S)	01:15:35	(GMT)	(stærð $2 \frac{1}{2}$)
d	P	01:18:04	(GMT)	(stærð $3 \frac{1}{4}$)
	S	18:08		

Fyrsti skjálftinn er sennilega sá sem talinn er hafa fund-
izt í Grindavík kl. 24:00, 12. júní, en hinir þrír fundust
einnig í Grindavík. Upptök þessarar hræringa virðast hafa
verið í um 30 km fjarlægð frá Reykjavík.

44 - 15. 16. júní 1944. Í Grindavík fundust vægar
jarðhræringar kl. 5:35 og 8:30. Það hrikti í húsum í fyrri
hræringunni (B.V. 1944). Jarðskjálftamælarnir í Reykja-
vík sýndu fyrri jarðskjálftann (S.B. 1944):

P 05:41:01 (GMT) (stærð $3 \frac{1}{2}$)

Fjarlægð upptakanna verður ekki metin með neinni vissu,
en þau hafa legið nálægt Grindavík.

44 - 16. 10. júlí 1944. Jarðskjálftamælarnir í Reykja-
vík sýndu einn jarðskjálfta (S.B. 1944):

P 06:21:55 (GMT) (stærð 5)
(S) 22:21

Þessi jarðskjálfti hafði óljósar S-bylgjur og er því örðugt
að meta fjarlægð upptakanna, en skjálftaritið er mjög svipað
þeim sem komu í hrinunni í febrúar og er því álitnið að upp-
tökin hafi verið á sama stað, eða nálægt Eldeyjarboða.

44 - 17. 21. ágúst 1944. Á Húsavík fannst vægur jarð-
skjálfti, III stig, kl. 10:15. Virtist koma úr norðaustri
(V.s. 1944). Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu ekki
jarðskjálftann.

44 - 18. 22. ágúst 1944. Á Húsavík fannst snarpur jarðskjálfti, VI stig, kl. 21:40 og smákippir rétt á undan (B.V. 1944, V.s. 1944). Einnig varð vart smáhræringa síðar um kvöldið (Mb. 24. ág. 1944). Hræringar þessar sáust ekki á blöðum jarðskjálftamælanna í Reykjavík og ekki er vitað að þær hafi fundizt utan Húsavíkur.

44 - 19. 26. ágúst 1944. Vægur jarðskjálfti, III stig, fannst á Húsavík kl. 11:32. Virtist koma úr norðaustri (V.s. 1944). Mældist ekki í Reykjavík.

44 - 20. 9. nóvember 1944. Á Húsavík fannst jarðskjálfti, IV stig, kl. 13:15 (V.s. 1944). Sást ekki á mælum í Reykjavík.

44 - 21. 16. nóvember 1944. Í Grindavík fannst vægur jarðskjálftakippur kl. 5:40. Kippurinn stóð yfir í 2 sek. og aðeins hrikti í húsum (V.s.b. 1944). Jarðskjálftinn sást ekki á mælum í Reykjavík.

JARÐSKJÁLFTAR Á ÍSLANDI ÁRÍÐ 1945

45 - 1. 18. janúar 1945. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu tvo jarðskjálfta kl. 03:17 (GMT) og 03:50 (GMT), sem taldir voru eiga upptök í um 300 km fjarlægð (S.B. 1945, V. 1945). Nánari athugun á blöðum mælanna gefur til kynna nokkru fjarlægari upptök.

45 - 2. 18. - 20. marz 1945. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu þrjár jarðhræringar 18. marz, níu hræringar 19. marz og eina þann 20. marz (S.B. 1945, V. 1945). Allar virtust þær eiga upptök í um 200 km fjarlægð frá Reykjavík, en ef til vill eru upptök jarðskjálftans þann 20. marz um 20 km nálægari en upptök hinna jarðskjálftanna. Mestir voru eftirfarandi skjálftar (S.B. 1945):

- a P 00:59:43 (GMT) 19. marz (stærð $4 \frac{1}{2}$)
S 01:00:08
- b P 13:59:39 (GMT) 20. marz (stærð $4 \frac{1}{2}$)
S 14:00:02

45 - 3. 22. marz 1945. Í Næfurholti á Rangárvöllum fannst mjög vægur jarðskjálftakippur kl. 20 og annar nokkru meiri kl. 21 - 21:30. Allt heimilisfólkið fann síðari kippinn, en aðeins einn maður fann þann fyrri. Síðari kippurinn fannst einnig í Hólum á Rangárvöllum af flest-öllu heimilisfólkinu (B.V. 1945). Sáust ekki á mælum í Reykjavík.

45 - 4. 23. marz 1945. Í Næfurholti fannst jarðskjálfti kl. 9 - 10, svipaður og kvöldið áður. Þessi skjálfti fannst hvergi annars staðar (B.V. 1945). Mældist ekki í Reykjavík.

45 - 5. 24. marz 1945. Um kvöldið fannst talsvert snarpur jarðskjálfti í Næfurholti. Í Hólum var allt fólk- ið úti við og varð einskis vart, en í Selsundi fann einn maður kipp um svipað leyti. Þar féll steinn úr fjárhús-vegg (B.V. 1945). Sást ekki á jarðskjálftamælum í Reykja- vík.

45 - 6. 25. marz 1945. Í Næfurholti fannst snarpur jarðskjálfti kl. 3:40, svo allir vöknuðu nema börn. Í Hólum vaknaði húsfreyja, en ekki aðrir. Á Leirubakka í Landsveit vöknuðu flestir við þennan kipp. Annar vægur kippur fannst í Næfurholti kl. 6 (B.V. 1945). Hræringar þessar mældust ekki í Reykjavík.

45 - 7. 26. marz 1945. Einn smákippur fannst í Næfur- holti, en ekki annars staðar. Einhverjir ofangreindra jarðskjálftakippa (22. - 26. marz) fundust í Haukadál á Rangárvöllum og e.t.v. einn á Heiði á Rangárvöllum, en ekki t.d. á Galtalæk, í Svínhaga né í Koti (B.V. 1945).

Mældist ekki í Reykjavík. Upplýsingar um jarðskjálftana 22. - 26. marz eru úr bréfi frá Guðmundi Kjartanssyni, jarðfræðingi sem ferðaðist um nágrenni Heklu síðustu daga marzmánaðar 1945.

45 - 8. 10. maí 1945. Í Reykjavík fannst vægur jarðskjálfti, III stig, kl. 12:56 (S.B. 1945). Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu fjórar jarðhræringar, þrjár þeirra mjög litlar, en eina langmesta (S.B. 1945):

P 13:57:21 (GMT) (stærð 4)
S 57:26

Upptök jarðskjálftanna virðast hafa verið í um 30 km fjarlægð frá Reykjavík.

45 - 9. 18. - 19. maí 1945. Á Ólafsfirði varð vart við dálítinn jarðskjálftakipp kl. 0:25, aðfaranótt 19. maí og annar örlítill kippur fannst kl. 18:58 þann 18. maí (Mb. 24. maí 1945). Á Siglufirði fundust jarðskjálftar kl. 19:30 þann 18. maí og hálfri stundu eftir miðnætti aðfaranótt 19. maí. Var síðari kippurinn sýnu harðari og varaði lengur (R.Ú. 19. maí 1945). Hræringar þessar sást ekki á blöðum jarðskjálftamælanna í Reykjavík.

45 - 10. 24. maí 1945. Á Ólafsfirði fannst jarðskjálfti kl. 9:03 um morguninn. Ekki var kippur þessi svo harður að vitað sé um skemmdir af völdum hans (Mb. 25. maí 1945). Sást ekki á mælum í Reykjavík.

45 - 11. 18. ágúst 1945. Á Reykjanesi fannst jarðskjálfti, IV stig, kl. 11:45 (V.s.b. 1945). Sást ekki á mælum í Reykjavík.

45 - 12. 23. ágúst 1945. Aðfaranótt 23. ágúst vaknaði fólk á Rangárvöllum við allsnarpan jarðskjálftakipp, en hans varð ekki vart á mælunum í Reykjavík (V. 1945). Jarðskjálfti þessi fannst einnig í Fljótshlíð og víðar.

Sums staðar var hann svo snarpur, að fólk hrökk upp af svefni, en annars staðar fundu hann þeir einir, sem á fótum voru (VÍ. 25. ág. 1945).

JARÐSKJÁLFTAR Á ÍSLANDI ÁRIÐ 1946

46 - 1. 18. febrúar 1946. Á Kvískerjum í Örafum fannst mjög væg jarðhræring kl. 11:18 (B.V. 1946). Mældist ekki í Reykjavík.

46 - 2. 6. maí 1946. Í Grindavík fannst vægur jarðskjálftakippur kl. 23:43, virtist hann koma úr norðvestri. Í Járngerðarstaðahverfi var hann þó nokkuð snarpur, svo að hringlaði í glerílátum í skápum. Þar virtist hann koma úr norð-norðvestri. Í Staðahverfi var hann hægur og fannst ekki á Reykjanesi (V.s.b. 1946). Sást ekki á mælum í Reykjavík.

46 - 3. 25. júní 1946. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu eina jarðhræringu (S.B. 1946):

P 19:19:26 (GMT) (stærð 3 3/4)
S 19:29

Upptök jarðskjálftans hafa sennilega verið í um 20 km fjarlægð frá Reykjavík.

46 - 4. 7. júlí 1946. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu einn jarðskjálfta.

P 21:22:19 (GMT) (stærð 5)
S 22:35

Upptök jarðskjálftans hafa verið í um 120 km fjarlægð, sennilega á sömu slóðum og jarðskjálftahrinan í febrúar 1944, eða nálægt Eldeyjarboða.

46 - 5. 17. júlí 1946. Í Hlíð, sumarbústað um 1 km frá Suðurreykjum í Mosfellssveit, fannst lítill jarðskjálftakippur kl. 0:25. Á undan kippnum heyrðist þytur, en á eftir heyrðist einskonar skruðningur. Á Fossi, sumarbústað um 200 m í norðvestur frá Hlíð, voru tvær konur vakandi og fundu kippinn og heyrðu þytinn og skruðninginn. Í öðrum sumarbústað rétt suðvestan við Foss var fólk úti við. Húsmóðirin heyrði þytinn greinilega, en fann engan kipp. Ekki varð þessarar hræringar vart í Reykjahverfinu (B.V. 1946). Jarðskjálftamælar í Reykjavík sýndu enga hræringu.

46 - 6. 5. ágúst 1946. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu eina litla jarðhræringu (S.B. 1946):

P 15:49:46 (GMT) (stærð $3 \frac{1}{2}$)
S 49:49

Upptök hræringarinnar hafa verið í um 20 km fjarlægð.

46 - 7. 20. - 25. nóvember 1946. Talsverðir jarðskjálftar fundust á ofanverðum Rangárvöllum. Aðallega varð þeirra vart á bæjunum Selsundi og Næfurholti, en einnig eitthvað á bæjum fjær Heklu. Jarðskjálftakippir þessir voru allir smáir, en þeir voru nokkuð tíðir. Jarðskjálftakippir, sem vart varð í nánd við Heklu tveim árum áður, voru töluvert meiri (Tí. 28. nóv. 1946). Jarðskjálftarnir hófust 20. nóvember og fundust á hverjum degi síðan (til 25. nóv.). Á aðeins einum stað, Svínhaga varð fólk vart við snarpan kipp, þar rykkti í húsum (Mb. 27. nóv. 1946). Jarðhræringa þessara varð ekki vart á mælum í Reykjavík.

JARÐSKJÁLFTAR Á ÍSLANDI ÁRIÐ 1947

47 - 1. 29. marz 1947. Á Raufarhöfn fannst lítill jarðskjálftakippur kl. 7 (B.V. 1947, V.s.b. 1947). Á Hæli í Gnúpverjahreppi varð vart við jarðskjálfta, ekki harðan, en greinilegan, kl. 6:52 (B.V. 1947, V.s.b. 1947). Á Stórhöfða í Vestmannaeyjum varð vart við óljósan jarðskjálfta seinnipart nætur (B.V. 1947). Í Stykkishólmi varð vart við snarpan kipp laust fyrir kl. 7 (V.s.b. 1947). Á Þingvöllum varð þess vart um kl. 7, að ljósakúla, sem hékk í lofti, bærðist ögn til, en enginn jarðskjálfti fannst (V.s.b. 1947). Á Loftstöllum í Mýrdal varð töluvert vart við jarðskjálfta (V.s.b. 1947). Á Sámsstöðum í Fljótshlíð varð jarðskjálftakippur kl. 6:50 (V.s. 1947). Í Næfurholti heyrðu menn drunur í Heklu 6:50 og litu þá strax út og sáu reykjarstrókinn og alveg í því kom jarðskjálftakippurinn. Það var bara einn kippur. Hann var nokkuð mikill. Það hristist nokkuð snöggvast og brakaði í húsinu (Þv. 1. apríl 1947). Á Heiði á Rangárvöllum fannst jarðskjálftakippur kl. 6:48 og sumir töldu sig hafa fundið greinilegan titring á undan aðalkippnum. Annar veikari kippur fannst kl. 7 (S. Þórarinsson 1950). Á Ásólfstöðum í Gnúpverjahreppi var jarðskjálftinn svo snarpur, að hann hristi opnar dyr sem ekki höfðu verið vel lokaðar, en ekki féllu hlutir úr hillum. Annar vægari kippur fannst litlu síðar (S. Þórarinsson 1950). Í Hólum á Rangárvöllum titraði jörðin í nokkurn tíma áður en jarðskjálftinn kom. Þar fannst jarðskjálftinn eins og högg hitti húsið úr austri (S. Þórarinsson, 1950). Á Galtalæk í Landssveit fundust smáhræringar á undan aðalkippnum (S. Þórarinsson, 1950). Einnig fannst jarðskjálftinn á Skriðufelli í Gnúpverjahreppi, Skarði í Landssveit, Rauðnefsstöðum á Rangárvöllum, Eylandi í Landeyjum, Þjórsárholti í Gnúpverjahreppi, Mjósundi í Villingaholtshreppi og Herjólfstöðum í Álftaveri (S. Þórarinsson, 1950). Jarðskjálftinn fannst á Svelgsá í Helgafellssveit og var þar svo snarpur að fólk vaknaði af svefni (S. Þórarinsson, 1950). Á Snorrastöðum í Kolbeinsstaðahreppi fannst vægur titringur

og það brakaði lítillega í húsum (S. Þórarinsson, 1950). Einnig mun jarðskjálftans hafa orðið vart í Örafasveit (S. Þórarinsson, 1950). Í Reykjavík fannst jarðskjálftinn kl. 6:50, en var mjög vægur (V. 1947). Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu smátitring er hófst kl. 07:42:28 (GMT) og jókst kl. 07:45:35, en síðan komu reglulegir jarðskjálftar (S.B. 1947):

- a P 07:50:45 (GMT) (stærð 5 1/4)
S 50:59
- b P 07:59:22 (GMT) (stærð 4)

Þessir jarðskjálftar komu nær samtímis upphafi Heklugoss, sem Sigurður Þórarinsson telur að hafi fyrst sézt kl. 6:41 (möguleg skekkja 3 mínútur). Upptök jarðskjálftans voru í Heklu og mesti skjálftinn mun hafa orðið samtímis því að gossprunga opnaðist frá hátindi Heklu að suðvesturöxlinni, um 3,5 km löng. Fyrir jarðskjálftann sást gosið aðeins í eða rétt við toppgíginn (S. Þórarinsson, 1950).

Ef þessar upplýsingar eru teknar saman, þá sézt að jarðskjálftinn, sem varð samtímis opnun gossprungu í Heklu, fannst um mestan hluta eða allt Suðurlandsundirlendi og auk þess á nokkrum stöðum utan þess, svo sem austan til á Snæfellsnesi, í Mýrdal og Álftaveri, svo og á Raufarhöfn og í Örafum. Þess ber að gæta, að Heklugosið hófst með miklum sprengingum og drunur frá sprengingunum heyrðust víða um land og ekki er óhugsandi að sums staðar hafi loftbylgjur frá þessum sprengingum valdið titringi á húsum, sem mönnum fannst mundi vera af völdum jarðskjálfta.

47 - 2. 30. marz 1947. Í Grindvavík fundust mjög vægir jarðskjálftakippir kl. 7:27 og 7:29. Virtust koma úr austri (B.V. 1947). Sáust ekki á mælum í Reykjavík.

47 - 3. 31. marz 1947. Á Fagurhólsmýri varð vart við jarðskjálfta kl. 1:05 (V.s.b. 1947). Þess er getið um jarðskjálftann þ. 29. marz, að hann hafi fundizt allt austur

í Öräfi (S. Þórarinsson, 1950), en vera má, að um mis-
skilning hafi verið að ræða og að eini jarðskjálftinn
sem vart hafi verið við í Öräfum hafi verið 31. marz.
Þessi jarðskjálfti mældist ekki í Reykjavík.

47-4. 1. apríl 1947. Á Galtalæk í Landssveit fannst
vægur jarðskjálfti kl. 9:45 (S.Þ. 1947). Sást ekki á jarð-
skjálftamælum í Reykjavík.

47-5. 4. apríl 1947. Í Grímsey fannst jarðskjálfti,
IV stig, um kl. 22 (B.V. 1947). Sást ekki á mælum í Reykja-
vík.

47-6. 12. apríl 1947. Á Hæli í Gnúpverjahreppi
fannst vægur jarðskjálfti kl. 5 (V.s.b. 1947). Á Ásólf-
stöðum í Gnúpverjahreppi vaknaði fólk við jarðskjálfta um
kl. 5 (V. 1947). Einnig fannst jarðskjálftinn á Fellsmúla
á Landi og Hvolsvelli og var talinn allsnarpur (S.Þ. 1947).
Í Hveragerði varð vart jarðskjálfta, IV stig, um sama leyti.
(V. 1947). Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu einn
jarðskjálfta (S.B. 1947):

P 04:58:40 (GMT) (stærð $3\frac{1}{2}$)
S 58:44

Jarðskjálfti þessi virðist hafa átt upptök í um 35 km fjar-
lægð frá Reykjavík, sem bendir til að þau hafi verið ná-
lagt Hveragerði. Aftur á móti eru Hreppar, Land og Hvols-
völlur svo langt frá upptökunum, ef þau hafa verið við
Hveragerði, að svo lítill jarðskjálfti sem þessi hefði ekki
átt að finnast þar. E.t.v. hafa komið tveir jarðskjálftar
um sama leyti, annar sem fannst í Hveragerði og mældist í
Reykjavík, hinn sem fannst í nágrenni Heklu, en mældist
ekki í Reykjavík.

47-7. 17. apríl 1947. Í Hveragerði vaknaði fólk við
jarðskjálfta kl. 02:40 (E.Tryggvason, 1956). Mældist ekki
í Reykjavík.

47 - 8. 24. apríl 1947. Á Galtalæk á Landi fannst greinilegur jarðskjálftakippur kl. 21:23 (S.Þ. 1947). Sást ekki á jarðskjálftamælum í Reykjavík.

47 - 9. 28. apríl 1947. Lítil jarðskjálftakippur fannst við Heklu um kl. 16:40 (S.Þ. 1947). Sást ekki á jarðskjálftamælum í Reykjavík.

47 - 10. 9. maí 1947. Í Reykjavík fannst mjög vægur jarðskjálfti kl. 3:14 (V. 1947). Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu skjálftann (S.B. 1947):

P 04:14:08 (GMT) (stærð $2\frac{1}{2}$)
S 14:11

Upptök skjálftans voru mjög nálæg, sennilega í um 20 km fjarlægð frá Reykjavík.

47 - 11. 17. - 20. maí 1947. Jarðskjálftar hófust í Hveragerði að kvöldi 17. maí, en voru í fyrstu mjög vægir. Fundust síðan kippir öðru hvoru alla nóttina og daginn eftir (18. maí). Upp úr kl. 10 þann 18. maí fóru jarðskjálftarnir mjög að harðna. Mátti heita að látlausir jarðskjálftar væru til kl. 4 um nóttina og komu þá að jafnaði mjög snarpir kippir á hálf tíma fresti. Um kl. 5 og aftur kl. 7 þann 19. maí komu harðir kippir, en eftir það dró úr jarðskjálftunum um stund. Aftur herti á jarðskjálftunum kl. 11 og um kl. 11:30 kom harðasti og lengsti kippurinn. Síðan voru jarðskjálftakippir við og við til kvölds, 19. maí (Þv. 20 maí 1947, Tí. 20. maí 1947). Þann 20. maí fundust enn smákipper í Hveragerði öðru hverju, en þeir voru miklu minni en daginn áður (Mb. 21. maí 1947, Ví. 9. júní 1947). Jarðskjálftanna varð einnig vart á Selfossi, Ásgarði í Grímsnesi og á Eyrarbakka (Þv. 20. maí 1947). Á Selfossi varð fyrst vart við jarðskjálfta klukkan að ganga ellefu á sunnudagskvöldið (18. maí) og síðan fundust kippir með nokkru millibili um nóttina. "Ég vaknaði fimm sinnum um nóttina" segir Helgi Ágústsson, fulltrúi hjá Kaupfélagi

Arnesinga. Klukkan sjö um morguninn (19. maí) kom snarpur kippur, en þó ekki svo að hlutir köstuðust til. Laust fyrir kl. 12 kom einnig harður kippur (Tí. 20. maí 1947). Í jarðskjálftum þessum urðu nokkrar skemmdir á húsum og hitalögnum í Hveragerði. Mestar skemmdir urðu í Gufudal, en þar var nýlegt hús úr steinsteypu, og sprungu allir innveggir og einn útveggur (Þv. 20. maí 1947). Í Vorsabæ í Ölfusi hrundi hlöðuveggur úr torfi og grjóti og í Hveragerði sprungu innveggir þriggja steinhúsa. Talsvert brotnaði af gleri í gróðurhúsum og lauslegir munir brotnuðu er þeir féllu niður (Tí. 20. maí 1947). Vörur hrundu úr hillum verzlana, klukkur duttu niður af veggjum, útvarpstæki féllu af borðum niður á gólf og bækur hrundu úr bókahillum í Hveragerði (Ab. 20. maí 1947). Ekki urðu slys á mönnum, en eitthvað af konum og börnum yfirgáfu Hveragerði í bili (Þv. 20. maí 1947, Ví. 9. júní 1947). Talsverðar breytingar urðu á hverum í Hveragerði í þessum jarðskjálftum. Nokkrir hverir hurfu og nýir hverir mynduðust svo tugum skipti (Þv. 20. maí 1947). Hjá Gufudal þvarr hver alveg og vatnsmagn annars minnkaði um helming, en nýr hver mynduðist sem í fyrstu gaus um 60 m, en síðar um daginn (19. maí) var gossúlan um 20 m há (Þv. 20. maí 1947). Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu alls þrettán jarðhræringar dagana 18. og 19. maí og munu þær allar hafa átt upptök sín í Hveragerði (S.B. 1947):

a	P	22:26:56	(GMT)	18. maí	(stærð 2 3/4)
b	(S)	22:58:09	(GMT)	" "	(stærð 2 3/4)
c	P	23:55:07	(GMT)	" "	(stærð 3)
d	(S)	01:06:30	(GMT)	19. maí	(stærð 2 3/4)
e	P	02:47:49	(GMT)	" "	(stærð 2 3/4)
f	P	02:49:13	(GMT)	" "	(stærð 2 3/4)
g	P	06:57:19	(GMT)	" "	(stærð 4)
h	(S)	08:07:21	(GMT)	" "	(stærð 3)
i	P	08:25:08	(GMT)	" "	(stærð 3 1/4)
j	P	10:35:38	(GMT)	" "	(stærð 3 1/4)
k	P	11:43:07	(GMT)	" "	(stærð 4 1/4)

l (S) 11:50:55 (GMT) 19. maí (stærð 3)
m (S) 15:35:11 (GMT) " " (stærð 3)

Það er eftirtektarvert hve litlir þessir jarðskjálftar eru samkvæmt mælingum, en voru þó svo snarpir í Hveragerði, að tjón hlaut af. Þetta hlýtur að þýða, að upptökin hafi verið undir byggðinni í Hveragerði og á mjög litlu dýpi.

47 - 12. 25. maí 1947. Í Reykjavík fannst vægur jarðskjálfti, III stig kl. 3:01 (S.B. 1947, V. 1947). Jarðskjálftinn fannst einnig í Fellsmúla á Landi, í Krísuvík (S.B. 1947) og á Svelgsá í Helgafellssveit og var þar talinn snarpur (Sím. 1947). Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu skjálftann (S.B. 1947):

P 04:01:07 (GMT) (stærð $4\frac{1}{2}$)
S 01:12

Upptök jarðskjálftans voru í 30-40 km fjarlægð frá Reykjavík, sennilega nálægt Krísuvík.

47 - 13. 27. maí 1947. Jarðskjálfti fannst á nokkrum stöðum í Rangárvallasýslu um kl. 4. Í Næfurholti vaknaði fólk af svefni og í Flagbjarnarholti greip stúlka til blómsturpotts, svo að hann dytti ekki. Á Helli varð vakandi fólk vart við jarðskjálftann, en þeir sem sofandi voru vögnuðu ekki. Jarðskjálftinn fannst einnig í Vestmannaeyjum (S.B. 1947). Jarðskjálfti þessi mældist ekki í Reykjavík.

47 - 14. 27. maí 1947. Á Múla á Landi fannst jarðskjálftakippur kl. 15:30 (S.B. 1947). Sást ekki á jarðskjálftamælum í Reykjavík.

47 - 15. 6. júní 1947. Í Hveragerði fannst allsnarpur jarðskjálftakippur. Lítið bar á jarðskjálftum dagana á undan. Nýir hverir eða hveraaugu mynduðust stöðugt (VÍ. 9. júní 1947). Jarðskjálfti þessi mældist ekki í Reykjavík.

47-16. 28. júní 1947. Á Siglunesi varð vart við jarðskjálfta kl. 17:30 (sumartími), töluvert snöggan, en þó varð hans ekki vart utan húss. Síðan fundust 3-4 smáhræringar til kl. 10:25, en þá kom talsverður kippur, svo að hrikti í húsum (IV stig). Síðan fundust smáhræringar fyrri hluta nætur (V.s.b. 1947). Á Siglufirði varð vart við allmarga snarpa jarðskjálfta á laugardag, 28. júní, og héldu kippirnir áfram næstu nótt og voru margir snarpir, svo að hrikti í húsum (VÍ. 30. júní 1947). Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu fjóra jarðskjálfta (S.B. 1947):

- a P 17:21:29 (GMT) (stærð 3 3/4)
- b (P) 17:24:18 (GMT) (stærð 4 1/2)
- c (P) 19:18:01 (GMT) (stærð 4 1/2)
- d P 22:22:25 (GMT) (stærð 4 3/4)

Ekki verður fjarlægð til upptakanna metin eftir mælingunum í Reykjavík, en þau hljóta að hafa verið í nágrenni Siglufjarðar.

47-17. 30. júní 1947. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu einn jarðskjálfta (S.B. 1947) mjög sviplíkan jarðskjálftanum 28. júní, og er því gert ráð fyrir að upptökin hafi verið á sama stað, eða nálægt Siglufirði. Tími Jarðskjálftans er 13:57:29 (GMT), (stærð 4 1/2).

47-18. 1. júlí 1947. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu tvær jarðhræringar (S.B. 1947):

- a P 13:27:14 (GMT) (stærð 4)
S 27:29
- b (P) 13:30:04 (GMT) (stærð 3 3/4)
S 30:26

Upptök jarðskjálftanna hafa sennilega verið í rúmlega 100 km fjarlægð frá Reykjavík, og þá e.t.v. við Heklu. Þó er mögulegt að þau hafi verið talsvert fjarlægari.

47-19. 16. júlí 1947. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu einn jarðskjálfta (S.B. 1947):

P 21:47:09 (GMT) (stærð 4)
S 47:27

Upptök þessa jarðskjálfta virðast hafa verið í um 150 km. fjarlægð frá Reykjavík, en sú fjarlægð er ekki vel ákvörðuð. Hugsanlegt er að upptökin hafi verið við Heklu.

47 - 20. 11. ágúst 1947. Litill jarðskjálftakippur fannst við Heklu kl. 15 (S.Þ. 1947). Annar smákippur fannst á sömu slóðum um kl. 3 aðfaranótt 13. ágúst (S.Þ. 1947). Hvorugur þessara jarðskjálfta mældist í Reykjavík.

47 - 21. 12. ágúst 1947. Allsnarpur jarðskjálfti fannst í Hvolhreppi, Rangárvöllum og Fljótshlíð kl. 16:05 (sumartími) (Ab. 13. ág. 1947). Einnig fannst kippurinn greinilega á Ásum (Ab. 14. ág. 1947) og í Hrunamannahreppi (V. 1947). Í Landsveit var þessi jarðskjálfti yfirleitt talinn jafnsterkur eða sterkari en sá sem kom 29. marz (S.Þ. 1947). Sama dag fundust jarðhræringar í Hveragerði, en þar hafði ekki orðið jarðskjálfta vart í nokkrar vikur (Mb. 13. ág. 1947). Ekki getur heimildin um, hvenær dags jarðhræringar fundust í Hveragerði, svo ekki verður sagt, hvort þar var um sama jarðskjálftakipp að ræða og þann sem fannst austan til á Suðurlandsundirlöndinu. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu einn jarðskjálfta (S.B. 1947):

P 15:59:02 (GMT) (stærð $4\frac{1}{2}$)
S 59:14

Upptök jarðskjálftans hafa verið í um 100 km fjarlægð frá Reykjavík, sennilega í Heklu.

47 - 22. 14. ágúst 1947. Litill jarðskjálftakippur fannst við Heklu að morgni og annar um kl. 16 (S.Þ. 1947). Hvorugur mældist í Reykjavík.

47 - 23. 15. ágúst 1947. Tveir litlir jarðskjálftakippir fundust við Heklu um kl. 17:10 (S.Þ. 1947). Mældust

ekki í Reykjavík.

47 - 24. 19. ágúst 1947. Mjög vægur jarðskjálfti fannst við Heklu (S.Þ. 1947), tímans ekki getið. Mældist ekki í Reykjavík.

47 - 25. 30. september 1947. Á Ásólfstöðum og víðar í Hreppum fannst snarpur jarðskjálftakippur rétt fyrir kl. 7 (sumartími). Var þetta einn snarpasti kippurinn síðan Heklugosið hófst (VÍ. 2. okt. 1947). Annar kippur, miklu vægari, fannst um ellefu leytið þann 1. okt. (VÍ. 2 okt. 1947). Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu einn jarðskjálfta 30. september (S.B. 1947):

P 18:46:49 (GMT) (stærð 4)
S 47:02

Upptök jarðskjálftans hafa verið í rúmlega 100 km fjarlægð frá Reykjavík, sennilega í Heklu.

47 - 26. 13. október 1947. Allsnarpur jarðskjálftakippur fannst á Heklusvæðinu (Þv. 2. apríl 1948). Sást ekki á mælum í Reykjavík.

47 - 27. 8. nóvember 1947. Um kl. 13 fannst snarpur jarðskjálftakippur í nágrenni Heklu (Ab. 9. nóv. 1947). Í Haukadal féllu hlutir úr hillum og grjót hrundi úr Bjól-felli og í Hólum féllu myndir niður (S.Þ. 1947). Á Rangár-völlum og í Hreppum var þessi jarðskjálfti talinn sá sterkasti, sem komið hafði síðan gos hófst í Heklu, 29. marz (S.Þ. 1947). Á Þingvöllum fannst snöggur jarðskjálftakippur kl. 13:03 (S.Þ. 1947) og einnig á Hæli í Hreppum (V.s.b. 1947). Í Vestmannaeyjum fannst jarðskjálfti kl. 13:04, IV stig (S.Þ. 1947). Í Vík í Mýrdal fundu sumir jarðskjálftann (S.Þ. 1947). Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu skjálftann (S.B. 1947):

P 14:01:43 (GMT) (stærð 5)
S 01:56

Upptök jarðskjálftans voru í rúmlega 100 km fjarlægð frá Reykjavík, sennilega í Heklu.

47 - 28. 12. - 13. nóvember 1947. Við Heklu fannst smákippur aðfaranótt 12. nóvember og annar aðfaranótt 13. nóvember (S.Þ. 1947). Sáust ekki á jarðskjálftamælum í Reykjavík.

47 - 29. 27. nóvember 1947. Í Hvolhreppi og á Rangárvöllum varð vart við jarðskjálfta kl. 7:40. Var hann svo vægur, að hann olli engum spjöllum (Þv. 28. nóv. 1947, Ví. 28. nóv. 1947). Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu skjálftann (S.B. 1947):

(P) 08:47:13 (GMT) (stærð 4)
S 47:20

Fjarlægð upptaka skjálftans verður ekki ákvörðuð útfrá þessum mælingum, en sennilega hafa upptökin verið í Heklu.

JARÐSKJÁLFTAR Á ÍSLANDI ÁRIÐ 1948

48 - 1. 7. janúar 1948. Í Haukadal á Rangárvöllum fannst vægur jarðskjálfti kl. 07:40 og annar svipaður kl. 19:10 (S.Þ. 1948). Mældust ekki í Reykjavík.

48 - 2. 15. janúar 1948. Allsnarpur jarðskjálftakippur fannst á Heklusvæðinu kl. 05:30 og annar kl. 19:10 (S.Þ. 1948). Sáust ekki á mælum í Reykjavík.

48 - 3. 10. febrúar 1948. Snarpur jarðskjálfti fannst um kvöldið á Skinnastað og Ærlæk í Axarfirði. Á Kópaskeri varð einskis vart (V. 1948, R.Ú. 1948).

48 - 4. 22. febrúar 1948. Jarðskjálfti fannst á Heklusvæðinu (S.Þ. 1948). Mældist ekki í Reykjavík.

48 - 5. 11. apríl 1948. Vægur jarðskjálfti fannst við Heklu kl. 07:50 (S.Þ. 1948). Mældist ekki í Reykjavík.

48 - 6. 13. apríl 1948. Í Hólum á Rangárvöllum fannst snarpur jarðskjálfti um kl. 03:35, talinn snarpari en jarðskjálftinn 29. marz 1947, en vægari en sá, sem fannst 8. nóv. 1947. Allir á heimilinu vöknúðu, bók datt niður og hlutir hreyfðust til (S.Þ. 1948). Mældist ekki í Reykjavík.

48 - 7. 18. apríl 1948. Vægur jarðskjálfti fannst við Heklu, t.d. í Svínhaga, þar sem fólk vaknaði við skjálftann (S.Þ. 1948). Mældist ekki í Reykjavík.

48 - 8. 20. júní 1948. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu nokkrar smáar jarðhræringar með upptök í um 20 km fjarlægð. Mesta hræringin var (S.B. 1948):

P 04:33:23 (GMT) (stærð $3\frac{1}{2}$)
S 33:27

48 - 9. 24. júní 1948. Í Reykjavík fundust talsverðir jarðskjálftar aðfaranótt 24. júní. Frá Grafarholti, Reykjavík, var skrifað: "Ég lá vakandi í rúmi mínu. Kl. 2:07 gerði snarpan jarðskjálftakipp og 3-4 mínútum síðar annar engu minni. Ég hefi ekki fundið svo harða jarðskjálfta síðan 1896. Litlu síðar kom vægur kippur og þá enn með litlu millibili einn litlu snarpari, en þó mikið minni en hinir fyrstu. Eftir það voru vægar hræringar öðru hverju þar til kl. 2:40, en eftir það varð ég engra var" (B.V. 1948). Frá Gilhaga við Breiðholtsveg, Reykjavík, var skrifað: Vaknaði kl. 2:08.... við snöggan jarðskjálftakipp, kl. 2:12 kom svo annar kippur. Sá þriðji kl. 2:18, allsnarpur, en milli síðari kippanna nötruðu rúður lítilla, en sífellt. Kl. 2:28 heyrði ég enn að rúður nötruðu" (B.V. 1948). Dagblöð í Reykjavík geta þess, að þrjú jarðskjálftar hafi fundizt, kl. 2:06, 2:12 og 2:17, og að langt sé síðan svo snarpur jarðskjálftar hafi fundizt í

Reykjavík (VÍ. 24. júní 1948, TÍ. 24. júní 1948, Þv. 25. júní 1948).

Á Stóra-Núpi í Gnúpverjahreppi fannst mjög vægur jarðskjálfti um kl. 2:15 (B.V. 1948) og í Grindavík fundust dálitlar jarðhræringar svo að ýmsir vöknudu í Þorkötlu- staðahverfi, en ekki í Járngerðarstaðahverfi (B.V. 1948). Á Viðistöðum við Hafnarfjörð fannst jarðskjálfti kl. 2:07 og síðar smákippur (V.s. 1948). Einnig fundust jarðskjálftarnir í Mosfellssveit og á Álftanesi, en ekki í Keflavík (Mb. 25. júní 1948). Ekki fannst jarðskjálftinn á Þingvöllum (VÍ. 24. júní 1948). Jarðskjálftar fundust á Akranesi og í Borgarnesi og á Stóra-Kroppi í Reykholt- dal fannst hægur jarðskjálfti kl. 02:07 og annar nokkru síðar (Sím. 1948). Á Svelgsá í Helgafellssveit vaknaði fólk við jarðskjálfta kl. 02:10 og fundust nokkrir kippir síðar (Sím. 1948). Einnig mun jarðskjálftans hafa orðið vart á Rangárvöllum (VÍ. 25. júní 1948). Í Krísuvík voru látlausar jarðhræringar alla nóttina og til kl. 14. Varð starfsmönnum jarðborana ekki svefnsamt um nóttina vegna jarðskjálftanna. Þar brotnaði niður reykháfur á skýli, en aðrar skemmdir urðu ekki. Reykháfurinn mun ekki hafa verið mikið mannvirki (Mb. 25. júní 1948). Jarðskjálfta- mælarnir í Reykjavík sýndu fjölmargar jarðhræringar og eru 59 þeirra skrásettar (S.B. 1948), þar af 25 að stærð 2 2/3 eða meira. Mestu jarðskjálftar þessarar hrinu voru eftirfarandi (S.B. 1948):

a	P	02:06:32	(GMT)	(stærð 4 3/4)
b	P	02:11:54	(GMT)	(stærð 4 3/4)
c	P	02:15:27	(GMT)	(stærð 4)
d	P	02:17:08	(GMT)	(stærð 4 1/4)
e	P	02:28:38	(GMT)	(stærð 3 3/4)
f	P	03:50:54	(GMT)	(stærð 3 3/4)

Mælingarnar benda til að upptök jarðskjálftanna hafi verið í um 20 km fjarlægð frá Reykjavík, sennilega í næsta ná- grenni Krísuvíkur.

48-10. 30. júní 1948. Í Reykjavík fundust tveir jarðskjálftakippir, báðir vægir, og munu aðeins fáir bæjarbúa hafa orðið þeirra varir. Sá fyrri kom klukkan rúmlega sex og sá síðari kl. 6:12 (Mb. 1. júlí 1948). Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu tvo skjálfta (S.B. 1948):

a P 17:48:39 (GMT) (stærð $3\frac{1}{2}$)
b P 18:02:37 (GMT) (stærð $3\frac{1}{4}$)

Upptök þessara hræringa munu hafa verið í um 20 km fjarlægð frá Reykjavík, sennilega á sömu slóðum og jarðskjálftarnir 24. júní.

48-11. 3. júlí 1948. Snarpur jarðskjálfti fannst á Hvolsvelli og þar í grennd kl. 15:50 (sumartími). Á Barkarstöðum í Fljótshlíð fannst jarðskjálftinn, en var vægur. Jarðskjálftans varð einnig vart á Helli, á Rangárvöllum, Selfossi, Laugarvatni og í Reykjavík, en í Reykjavík var kippurinn mjög vægur (R.Ú. 1948). Í Holtum og Landsveit var jarðskjálftinn svo snarpur að nokkrar skemmdir urðu. Í Kirkjugarðinum í Marteinstungu féllu tveir legsteinar og nokkrar skemmdir urðu á veggjum útihúsa. Í Lækjarbotnum féllu veggir húsa, sem nýlega var búið að steypa upp, og aðrar skemmdir urðu (Mb. 23. júlí 1948). Í Hreppum fannst jarðskjálftinn, en mun ekki hafa valdið skemmdum (Mb. 23. júlí 1948). Á Reykjum á Skeiðum féll nýsteyptur hlöðuveggur. Var nýlega búið að taka mótin af steypunni og byrjað að moka mold að veggnum. Var talið að jarðskjálfti hefði fellt vegginn (Mb. 23. júlí 1948). Í Hreppum segja menn þennan jarðskjálfta eins sterkan og þann, sem fannst nóttina er Hekla tók að gjósa (29. marz 1947) (Mb. 23. júlí 1948). Jarðskjálftinn olli einnig tjóni í Mykjunesi í Holtum (V. 1948). Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu einn jarðskjálfta (S.B. 1948):

P 15:45:56 (GMT) (stærð $5\frac{1}{4}$)
S 46:05

Upptök jarðskjálftans virðast samkvæmt þessu hafa verið

í um 70 km fjarlægð frá Reykjavík og geta því hafa verið mjög nálægt Marteinstungu í Holtahreppi.

48 - 12. 4. júlí 1948. Á Hæli í Hreppum fundust vægir jarðskjálftakippir um morguninn, kl. 2:40 og 3:45 og aftur tveir kippir kl. 8-10 (Sím. 1948). Sáust ekki á jarðskjálftamælum í Reykjavík.

48 - 13. 21. júlí 1948. Tveir vægir jarðskjálftar fundust í Reykjavík kl. 14:24 og 14:29 (sumartími) (Þv. 22. júlí 1948). Ein heimild telur fyrri skjálftann allsnarpan, en þann síðari minni (Ab. 22. júlí 1948), en aðrar heimildir segja, að aðeins fyrri kippurinn hafi fundizt í Reykjavík (V. 1948, S.B. 1948). Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu þessa tvo jarðskjálftakippi (S.B. 1948):

a P 14:24:39 (GMT) (stærð 4 $\frac{1}{4}$)
S 24:43
b P 14:29:23 (GMT) (stærð 3 $\frac{1}{2}$)

Upptök jarðskjálftanna virðast hafa verið í um 30 km fjarlægð frá Reykjavík.

48 - 14. 30. ágúst 1948. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu einn jarðskjálfta (S.B. 1948):

P 01:39:09 (GMT) (stærð 5 $\frac{1}{4}$)
S 39:46

Upptök jarðskjálftans virðast eftir þessu hafa verið í um 300 km fjarlægð frá Reykjavík, en samanburður við erlendar jarðskjálftastöðvar gefur til kynna nokkru fjarlægari upptök, um 330 km frá Reykjavík. Upptökin voru úti fyrir Norðurlandi, sennilega norður af Tjörnesi. Þar sem þessi jarðskjálfti var allmikill má gera ráð fyrir að hann hafi fundizt sums staðar á Norðurlandi, enda þótt ekki finnist heimildir fyrir því.

48 - 15. 27. október 1948. Í Reykjavík fannst vægur

en greinilegur jarðskjálfti kl. 13:12 (Ab. 28. okt. 1948). Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu þennan jarðskjálfta (S.B. 1948).

P 14:12:30 (GMT) (stærð 3 3/4)
S 12:34

Upptökin virðast hafa verið í rúmlega 30 km fjarlægð frá Reykjavík.

48 - 16. 1. nóvember 1948. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu eina jarðhræringu (S.B. 1948):

P 16:39:49 (GMT) (stærð 4)

Upptökin hafa sennilega verið í um 40 km fjarlægð frá Reykjavík.

48 - 17. 31. desember 1948. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu tvo litla jarðskjálfta (S.B. 1948):

a P 12:16:26 (GMT) (stærð $3\frac{1}{2}$)
S 16:30
b (S) 12:16:56 (GMT) mjög lítill

Jarðskjálftar þessir virðast hafa átt upptök í 30-40 km fjarlægð frá Reykjavík.

48 - 18. Nokkrir mjög litlir jarðskjálftar mældust í Reykjavík auk þeirra, sem að ofan er getið (S.B. 1948), en enginn þeirra var talinn hafa fundizt nokkurs staðar og allir voru þeir að stærð minni en $3\frac{1}{2}$.

JARÐSKJÁLFTAR Á ÍSLANDI ÁRIÐ 1949

49 - 1. 23. maí 1949. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu þrjár smáhræringar (S.B. 1949):

a	(S)	05:40:11	(GMT)	(stærð 3)
b	(S)	05:42:59	(GMT)	(stærð 3 1/4)
c	P	05:48:04	(GMT)	(stærð 3 1/2)
	S	05:48:07		

Upptök þessara hræringa munu hafa verið í um 25 km fjarlægð frá Reykjavík.

49 - 2. 21. júní 1949. Á Raufarhöfn fundust þrjár jarðskjálftakippir um kl. 07:40 (E. Tryggvason, 1956). Sáust ekki á blöðum jarðskjálftamælanna í Reykjavík.

49 - 3. 21. júlí 1949. Ein smáhræring sást óljóst á blöðum jarðskjálftamælanna í Reykjavík kl. 11:56:34 (GMT) (S.B. 1949). Upptökin hafa sennilega verið í um 300 km fjarlægð.

49 - 4. 10. september 1949. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu þrjár mjög litlar jarðhræringar kl. 17:53, 17:59 og 19:14 (GMT) (S.B. 1949). Sú fyrsta var mest, um 2 3/4 að stærð. Upptökin munu hafa verið í um 25 km fjarlægð frá Reykjavík.

49 - 5. 10. október 1949. Tvær jarðhræringar mældust í Reykjavík (S.B. 1949):

a	P	13:54:12	(GMT)	(stærð 3)
	S	54:15		
b	P	16:47:19	(GMT)	(stærð 2 1/2)
	S	47:22		

Upptök hræringanna munu hafa verið í um 25 km fjarlægð frá Reykjavík.

49 - 6. 20. október 1949. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu eina jarðhræringu (S.B. 1949):

P 10:41:59 (GMT) (stærð 4)
S 42:33

Upptökin hafa sennilega verið í um 300 km fjarlægð frá Reykjavík.

49 - 7. 14. nóvember 1949. Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu einn lítinn jarðskjálfta kl. 05:50:27 (GMT) (S.B. 1949). Upptök skjálftans hafa sennilega verið í um 40 km fjarlægð (V. 1949) og stærðin um $3\frac{1}{2}$.

49 - 8. 15. desember 1949. Mjög vægur jarðskjálfti fannst í Reykjavík kl. 06:12 (V. 1949). Jarðskjálftamælarnir í Reykjavík sýndu skjálftann (S.B. 1949):

P 07:11:59 (GMT) (stærð 3 1/4)
S 12:02

Upptök skjálftans munu hafa verið í um 20 km fjarlægð frá Reykjavík.

49 - 9. 15. - 16. desember 1949. Á Siglufirði fannst vægur jarðskjálfti á milli kl. 21 og 21:30 þann 15. desember. Annar kippur, allsnarpur, fannst um kl. 3 aðfaranótt 16. desember. Fólk vaknaði af svefni við síðari kippinn (V. 1949). Önnur heimild segir, að tveir kippir hafi fundizt um nóttina, auk þess sem kom kvöldið áður (Tí. 17. des. 1949). Á Siglunesi fannst mjög vægur jarðskjálfti, II stig, kl. 21:30 þann 15. desember. Þar glamraði í bollapörum (V.s.b. 1949). Hræringar þessar sáust ekki á blöðum jarðskjálftamælanna í Reykjavík.

HEIMILDIR

- Ab. Alþýðublaðið, Reykjavík
- B.V. Bréfasafn Veðurstofu Íslands
- Da. Dagur, Akureyri
- I.S.S. International Seismological Summary, Cambridge
- Ís. Íslendingur, Akureyri
- Mb. Morgunblaðið, Reykjavík
- R.Ú. Ríkisútvarpið, Reykjavík
- S.B. Seismological Bulletin, gefið út á Veðurstofu Íslands
- Sim. Úr símtölum, skráð á Veðurstofu Íslands
- S.Þ. Dagbækur Sigurðar Þórarinssonar, jarðfræðings, 1947-1948
- Tí. Tíminn, Reykjavík
- V. Veðráttan, gefið út á Veðurstofu Íslands
- V.b. Veðurbækur, skjalasafn Veðurstofu Íslands
- Ví. Vísir, Reykjavík
- V.s. Veðurskýrslur, skjalasafn Veðurstofu Íslands
- V.s.b. Veðurskeytabækur, skjalasafn Veðurstofu Íslands
- Þv. Þjóðviljinn, Reykjavík

HEIMILDIR - frh.

Sigurður Þórarinnsson: The approach and beginning of the Hekla eruption. Eyewitness accounts. The Eruption of Hekla 1947-1948 II, 1. bls. 1-23, Vísindafélag Íslendinga 1950.

Eysteinn Tryggvason: Earthquake catalogue of Iceland 1924-1955 (óprentað handrit) 1956.

Eysteinn Tryggvason: Jarðskjálftar á Íslandi 1930-1939. Raunvísindastofnun Háskólans, RH-78-21 1978.

